

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um kæfisvefnrannsóknir á Sjúkrahúsínu á Akureyri.

1. *Hvað er hægt að framkvæma margar kæfisvefnrannsóknir í senn á Sjúkrahúsínu á Akureyri (SAk) annars vegar og Landspítala hins vegar og hvað var greitt fyrir margar sliðar rannsóknir á ári hverju síðastliðin fimm ár á hvorri stofnun fyrir sig?*

Sjúkrahúsíð á Akureyri (SAk) er með þjú tæki til að framkvæma kæfisvefnrannsóknir og með því að fullnýta tækið þá er hægt að framkvæma 15 rannsóknir á viku. Sjúkratryggingar eru með samning við SAk um 200 kæfisvefnrannsóknir á ári en sjúkrahúsið áætlar að raunhæft sé að framkvæma um 600 rannsóknir á ári.

Á Landspítala, eða undir umsjón hans, er unnt að gera allt að 18 kæfisvefnsskimanir á dag, þar af geta allt að 6 skimanir farið fram utan Landspítala á einhverri samstarfsstofnana spítalans (sjá svar við 2. töllul. fyrirspurnarinnar). Að auki er unnt að gera 4–5 svefnrannsóknir með heilariti (PSG-mælingar) á dag, sem eru umfangsmeiri og ítarlegri rannsóknir sem einungis er hægt að gera á Landspítala.

Fjölda kæfisvefnsskimana og PSG-mælinga sem gerður var á ári hverju sl. 5 ár á Landspítala má sjá í eftirfarandi töflu:

Tegund	2018	2019	2020	2021	2022
Kæfisvefnsskimun	1.330	1551	1.322	1.573	1.501
PSG rannsókn (svefnrannsókn m. heilriti)	130	137	121	388	509
Alls	1.460	1.688	1.443	1.961	2.010

Fjölda kæfisvefnrannsókna sem gerðar voru á ári hverju sl. 5 ár á Sjúkrahúsínu á Akureyri má sjá í eftirfarandi töflu:

2018	2019	2020	2021	2022
291	308	280	330	404

2. *Hvaða stofnanir framkvæma kæfisvefnrannsóknir?*

Þær stofnanir og/eða þeir aðilar sem framkvæma kæfisvefnrannsóknir eru:

- Landspítali
- Sjúkrahúsið á Akureyri

Landspítali hefur síðan eftirlit með kæfisvefnsskimunum sem framkvæmdar eru á eftirfarandi stofnunum:

- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Keflavík
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi

- Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (Mosfellsbæ, Hamraborg Kóp., Efra-Breiðholti og Seltjarnarnesi)
 - Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmanneyjum
 - Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Höfn í Hornafirði
 - Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum
 - Heilbrigðisstofnun Austurlands í Neskaupstað
- Aðrar opinberar stofnanir sem framkvæma kæfisvefnsskimanir og mælingar eru:
- Sjúkrahúsið á Akureyri
 - Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi
- Þar fyrir utan eru framkvæmdar kæfisvefnsskimanir á eftirtoldum stöðum:
- Læknasetrinu í Reykjavík
 - Reykjalandi í Mosfellsbæ
 - Hjartamiðstöðinni í Reykjavík

Þess má og geta að Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands eru báðir með rannsóknarverkefni yfirstandandi sem tengjast svefnrannsóknum og kæfisvefní þar sem gerðar eru kæfisvefnsskimanir og PSG-mælingar í tengslum við kæfisvefn.

3. Hversu margir einstaklingar fara á Landspítala af upptökusvæði SAK í kæfisvefnrannsóknir?

Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda einstaklinga frá póstnúmerum 5- og 600 (Norðurland) sem hafa komið í kæfisvefnsskimun og/eða PSG-mælingu á Landspítala á ári sl. 5 ár.

Fjöldi rannsókna alls sem búsettir eru á Norðurlandi	2018	2019	2020	2021	2022
Kæfisvefnsskimun	17	18	6	8	10
PSG-rannsókn (svefnrannsókn m. heilriti)	2	4	4	6	16
Alls	19	22	10	14	26

Þess má geta að tölur í þessu svari snúa að greiningarfasa kæfisvefns, hér er um skimun að ræða og því endurspeglar þessar tölur ekki heildarumfang þeirrar þjónustu sem fylgir þeim sem greinast með og fá meðferð við kæfisvefni. Sem dæmi má nefna að árið 2022 var 661 einstaklingur á meðferðarlista svefndeildar Landspítala frá póstnúmerum 500–699 og áttu þeir 1.659 komur sem tengdust þeirri meðferð það árið. Um getur verið að ræða allt frá innstillingu nýrrar meðferðar, eftirlit (þ.m.t. rafrænt eftirlit), endurnýjun/stillingu á búnaði o.fl. sem fylgir meðferð við kæfisvefni.

4. Hversu hár er kostnaður Sjúkratrygginga Íslands vegna þeirra sem fara á Landspítala en gætu annars farið á SAK?

Í upplýsingakerfi Sjúkratrygginga Íslands er ástæða ferðar og greiðsla ferðakostnaðar skráð í textasvæði og því er ekki hægt að nálgast upplýsingar með einfaldri gagnakeyrslu. Jafnframt er óheimilt að samkeyra klínísk gögn frá Landspítala við upplýsingar um greiðslu ferðakostnaðar frá Sjúkratryggingum Íslands samkvæmt lögum um persónuvernd.

Hins vegar er rétt að taka fram að komið hefur verið til móts við óskir Sjúkrahússins á Akureyri um viðbætur við samning um kæfisvefnsskimanir á undanförnum árum svo ólíklegt er að íbúar á upptökusvæði Sjúkrahússins á Akureyri hafi þurft að ferðast til Reykjavíkur einungis vegna kæfisvefnsskimunar.

5. *Má gera ráð fyrir því að kostnaður einstaklings á upptökusvæði SAk sem fer í kæfi-svefnrannsókn á Landspítala sé meiri en ef viðkomandi fengi þjónustu á SAk? Ef svo er, hversu miklu munar í kostnaði?*

Kæfisvefnsskimanir þeirra einstaklinga sem eiga flóknari sjúkdómssögu eða í þörf á nákvæmari greiningu þarf að framkvæma á Landspítala. Ef hins vegar er um að ræða sam-bærilega kæfisvefnrannsókn og gerð er á Sjúkrahúsinu á Akureyri má ganga út frá því að kostnaður einstaklings við það að sækja þjónustuna til Reykjavíkur verði meiri.